



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



Handbók

Framhaldsnámsdeildar heilbrigðisvísindasviðs
Háskólans á Akureyri

GILDIR VETURINN 2018-2019

Handbók þessi er byggð á reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 837/2009, reglum um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 885/2009 og reglum um stjórnskipulag heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 812/2013 sem og öðrum lögum og reglum er starf Háskólans á Akureyri byggir á.

Handbók þessi var samþykkt á 63. deildarfundum framhaldsnámsdeildar 9. maí 2017. Endurskoðuð í september 2018.

EFNISYFIRLIT

UM FRAMHALDSNÁMSDEILD	3
Stjórnskipulag, markmið og stefna.....	3
Deildarfundur framhaldsnámsdeildar.....	3
Deildarformaður.....	3
Árlegur samráðsfundur	3
Námsnefnd.....	4
UM MEISTARAVERKEFNI.....	5
Meistaranefnd og hlutverk hennar.....	5
Skil á meistararitgerðum.....	6
Prófdæming meistararitgerða.....	6
Tímaritsgrein	6
Fyrirlestur til að kynna rannsóknarniðurstöður	7
FERLI UMSÓKNAR UM AÐALLEIÐBEINANDA	8
Sótt um aðalleiðbeinanda	8
Meðleiðbeinandi.....	8
Ráðgjafi	8
Hlutverk aðalleiðbeinda.....	8
INNIHALDSLÝSING MEISTARARITGERÐA	11
MATSGRUNDVÖLLUR MEISTARARITGERÐA	14
GÁTLISTI	15
LÝSING Á FULLNÆGJANDI MEISTARARITGERÐ.....	16
VINNUMÁLSTOFUR MEISTARANEMA	18
REGLUR UM MAT Á FYRRA NÁMI	19

UM FRAMHALDSNÁMSDEILD

Stjórnskipulag, markmið og stefna

Innan framhaldsnámsdeildar heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri er boðið upp á framhaldsnám til meistaraþráðu (MS) og diplómaþráðu í heilbrigðisvísindum (Dipl.). Rannsóknir og nám innan deildarinnar eru í samræmi við stefnu og grunnmarkmið heilbrigðisvísindasviðs og stefnu Háskólans á Akureyri hverju sinni sbr. 1. gr. reglna um stjórnskipulag heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 812/2013.

Deildarfundur framhaldsnámsdeildar

Deildarfundur framhaldsnámsdeildar ber ábyrgð á málefnum deildarinnar ásamt deildarformanni. Á deildarfundum eiga sæti og atkvæðisrétt: deildarformaður framhaldsnámsdeildar, varadeildarformaður, og tveir staðgenglar hans ásamt umsjónarkennurum námskeiða í deildinni og tveimur fulltrúum nemenda í framhaldsnáminu. Deildarfundur kysir deildarformann, varadeildarformann, tvo staðgengla hans, einn fulltrúa fastra kennara deildarinnar og einn til vara í deildarráð til tveggja ára í senn. Deildarfundur fjallar um ýmis málefni deildarinnar, kysir í fastanefndir hennar og sinnir ýmsum málefnum sem heilbrigðisvísindasvið eða háskólaráð kann að fela honum. Deildarfundur er að haldinn a.m.k. þrisvar á ári, október, janúar og maí. *Deildarráð framhaldsnámsdeildar* er fulltrúaráð sem starfar í umboði deildarfundar. Það skipa deildarformaður, varadeildarformaður og tveir staðgenglar hans og einn fulltrúi fastra kennara við deildina og einn til vara sem valinn er úr þeim hópi til tveggja ára í senn, ásamt einum fulltrúa nemenda í framhaldsnáminu. Meginhlutverk deildarráðs er að fjalla um og afgreiða umsóknir um nám við deildina, og sinna ýmsum málefnum er tengjast náminu sjálfu, málefnum framhaldsnema og öðru því sem deildarfundur kann að fela því. Deildarráðsfundur skal að jafnaði haldinn einu sinni í mánuði þá mánuði sem ekki er haldinn deildarfundur, sbr. 6. gr. reglna um stjórnskipulag heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 812/2013.

Deildarformaður

Deildarformaður er kosinn af deildarfundum til tveggja ára í senn, úr hópi fastráðinna lektora, dósenta og prófessora deildarinnar. Deildarformaður ber ábyrgð á starfsemi og skipulagi deildar, ásamt undirbúningi og framkvæmd náms. Hann sér um samskipti við nemendur, velur umsjónarkennara í samráði við forseta heilbrigðisvísindasviðs og kemur að stundarskrárgerð í samvinnu við skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs. Deildarformaður stýrir deildarfundum og deildarráðsfundum og fylgir samþykktum fundanna eftir. Nánar er kveðið á um ábyrgð og verkefni deildarformanns í sérstakri starfslýsingu. Sbr. 6. gr. reglna um stjórnskipulag heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 812/2013.

Árlegur samráðsfundur

Árlegur samráðsfundur fer fram í lok maí ár hvert þar sem kennarar framhaldsnámsdeildar og leiðbeinendur í meistaraverkefnum eru boðaðir til að ræða framtíðarsýn, stefnumótun, og fleira sem þarf að ræða hverju sinni.

Námsnefnd

Námsnefnd framhaldsnámsdeildar er skipuð fjórum fulltrúum, deildarformanni, tveimur fulltrúum kennara sem valdir eru af deildarfundi til tveggja ára í senn og einum fulltrúa nemenda. Deildarformaður er að jafnaði formaður námsnefndar en að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum. Hlutverk námsnefndar er samkvæmt reglum HA. Sbr. 7. gr. reglna um stjórnskipulag heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri nr. 812/2013.

Skilyrði til innritunar

Meistaránám. 1) Umsækjandi skal hafa lokið bakkalárgráðu (BS) eða sambærilegri gráðu á sviði heilbrigðisvísinda eða skyldra greina með a.m.k. fyrstu einkunn (7.25) frá viðurkenndri háskólastofnun eða 2) Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k. 40 eininga viðbótarnámi (diplómagráðu) á meistarastigi með a.m.k. fyrstu einkunn (7.25) frá viðurkenndri háskólastofnun.

Diplómanám á meistarastigi. Umsækjandi skal hafa lokið bakkalár- eða sambærilegri gráðu á sviði heilbrigðisvísinda eða skyldra greina með a.m.k. fyrstu einkunn (7.25) frá viðurkenndri háskólastofnun.

Nánar er fjallað um inntökuskilyrði hvernar námsleiðar í náms- og kennsluskrá gildandi árs sem byggir á reglum um Háskólann á Akureyri nr. 387/2009, 30. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms

Nám til meistaraprófs í heilbrigðisvísindum er 120 einingar og nám til diplómagráðu er 40-60 einingar. Fullt nám á einu skólaári er 60 einingar. Hámarksnámsstími til meistaraprófs er 5 ár, en til 40 eininga diplómagráðu 2 ár og 60 eininga diplómagráðu 3 ár. Deildarráði er heimilt að veita undanþágur frá þessu. Námsáætlun skal skila til umsjónarkennara meistaraverkefna og skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs í upphafi náms þar sem fram kemur áætluð tímalengd náms. Nemendum er heimilt að sækja um leyfi frá námi, umsókn um slíkt skal berast eigi síðar en 15. maí fyrir nám á haustmisseri og 1. október fyrir nám á vormisseri og skulu slíkar beiðnir berast til skrifstofustjóra. Nemandi skal greiða innritunargjald fyrir hvert námsár meðan á leyfi stendur. Sbr. 27. gr. reglna um Háskólann á Akureyri nr. 387/2009.

Sérverkefni á áherslusviði

Markmið sérverkefnis á áherslusviði er að veita þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum, að dýpka þekkingu og framsetningu á fræðilegu efni á ákveðnu sérsviði. Verkefnið verður að standast strangar kröfur á öllum sviðum. Í verkefninu skal gera skýra grein fyrir viðfangsefninu, þar á meðal þeim spurningum sem bornar voru upp og verkefninu er ætlað að svara. Niðurstöður skal setja skýrt og aðgengilega fram og fjalla um þær á gagnrýninn og greinandi hátt í fræðilegu samhengi. Almenn krafa til sérverkefna á áherslusviði er að þar sé fylgt fagmannlegum frágangi. Koma skal skýrt fram að verkefnið sé unnið við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri og geta skal leiðbeinanda sérstaklega. Lengd 10 eininga sérverkefna á áherslusviði er í samráði við leiðbeinanda og skal að jafnaði vera 5.000 orð og 3500 orð fyrir 5 eininga sérverkefni á áherslusviði á formi tímaritsgreinar. Um námsmat sérverkefnis á áherslusviði gilda sameiginlegar reglur HA, Reglur um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 885/2009.

Tengsl við aðra háskóla

Heimilt er að veita meistaragráðu sameiginlega með öðrum háskóla. Í þeim tilvikum skal gera um það skriflegan samning skv. Reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009, 34. gr.

UM MEISTARAVERKEFNI

Þegar meistaranemar hafa lokið báðum aðferðafræðinámskeiðunum geta þeir sótt um til umsjónarmanns meistaraverkefna að hefja vinnu við meistaraverkefnið. Markmið meistaraverkefnis er að meistaraneminn öðlist færni í vísindalegum vinnubrögðum. Verkefnið verður að standast strangar kröfur á öllum sviðum. Fylgja skal viðurkenndum vísindalegum rannsóknaraðferðum og fagmannlegum frágangi. Meistaraverkefni vegur 30, 40 eða 60 einingar og byggist á rannsókn. Efni rannsóknarinnar velur meistaraneminn í samráði við leiðbeinanda sinn. Meistaraneminn lýkur verkefninu með því að skrifa meistararitgerð og tímaritsgrein fyrir ritrýnt tímarit á fræðasviðinu. Hann gerir jafnframt grein fyrir niðurstöðum sínum í opnum fyrirlestri við Háskólann á Akureyri. Meistaranemar eru jafnframt hvattir til að gera veggspjald þar sem meistararannsóknin er kynnt.

Meistaranefnd og hlutverk hennar

Skipun meistaranefndar. Deildarformaður skipar leiðbeinanda í meistaraverkefni/ meistaranefnd. Í nefndinni eru aðalleiðbeinandi sem leiðbeinir meistaraneumanum í náminu og oft meðleiðbeinandi og/eða einn til tveir ráðgjafar. Saman mynda leiðbeinendur og ráðgjafar meistaranefnd nemandans.

Hlutverk aðalleiðbeinanda er að vera ábyrgur fyrir að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun sem nemandi skilar inn í upphafi náms til umsjónarkennara meistaraverkefna og skrifstofustjóra. Heimilt er, með samþykki deildarformanns, að leiðbeinendur séu utan HA en þá skal ætíð fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs vera meðleiðbeinandi eða ráðgjafi í meistaranefndinni. *Hlutverk þeirra* er samkomulagsatriði milli aðalleiðbeinanda og þeirra.

Lengd meistararitgerða

Meistararitgerð til 60 eininga skal að jafnaði vera 10.000-20.000 orð, 40 eininga ritgerð skal að jafnaði vera 8.000-12.000 orð og 30 eininga ritgerð 5.000-8.000 orð. Nemandi velur efni meistaraverkefnisins í samræmi við sín faglegu markmið og í samráði við leiðbeinanda sinn.

Turnitin

Allir nemendur þurfa að láta meta meistaraverkefnið sín í Turnitin samanburðarkerfinu og skila staðfestingu um það til skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs.

Skil á meistararitgerðum

Útskrift fyrirhuguð	Heiti meistararitgerðar og útdrættir, bæði á íslensku og ensku	Skiladagur meistararitgerðar
júní	1. apríl	15. apríl
október	15. ágúst	25. ágúst
febrúar	15. nóvember	30. nóvember

Meistaraneinn skilar *heiti meistararitgerðar* bæði á íslensku og ensku ásamt *útdrætti* á íslensku og ensku til skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs fyrir *1. apríl* fyrir útskrift í júní, *15. ágúst* fyrir útskrift í október og *15. nóvember* fyrir útskrift í febrúar svo hægt sé að fá prófdómara tímanlega.

Skiladagur meistararitgerðarinnar sjálfur er *15. apríl* ef nemandinn útskrifast í júní, *25. ágúst* ef nemandi útskrifast í október en *30. nóvember* ef nemandinn útskrifast í febrúar. Meistaraneinn skilar a.m.k. þremur innbundnum prentuðum eintökum til skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs, eitt eintakið fer til prófdómara, annað til leiðbeinanda og þriðja til bókasafns. Ef leiðbeindendur eru fleiri en einn þá fjölga eintökum.

Sniðmát meistararitgerðar er aðgengilegt á Uglu og skal nemandi fylgja því í einu og öllu. Hægt er að fá aðstoð hjá Kennslumiðstöð HA.

Ásamt því að skila útprentuðu eintaki meistararitgerðar ber nemanda að skila rafrænu eintaki í Skemmu, www.skemman.is. Sé því ekki fylgt eftir er litið svo á að meistararitgerð hafi ekki verið skilað.

Prófdæming meistararitgerða

Meistaraneinn metur meistararitgerðina og skilar rökstuddu álitni til deildarformanns um það hvort veita skuli meistaraneinum kost á að leggja ritgerð fram sem hluta af meistaragráðu. Aðalleiðbeinandi má koma með tilnefningu að prófdómara. Þá tilnefnir forseti fræðasviðs prófdómara í samráði við deildarformann og skal hann vera óháður aðili utan HA. Prófdómari skilar álitni sínu á þar til gerðu eyðublaði til skrifstofustjóra þar sem fram kemur hvort hún stenst kröfur eða ekki í samræmi við lýsingu á fullnægjandi meistararitgerð. Skrifstofustjóri heilbrigðisvísindasviðs sér um að setja skjalið í skjalavistunarkerfi. Prófdómari skilar mati sínu að jafnaði fyrir *15. maí* fyrir útskrift í júní, *15. september* fyrir útskrift í október en *15. janúar* fyrir útskrift í febrúar, til skrifstofustjóra. Niðurstaða prófdómara gildir til jafns við niðurstöðu meistaraneinnar, sem metur einnig allt ferlið. Beri þeim ekki saman er málinu vísað til sviðsforseta sbr. Reglur um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 885/2009.

Tímaritsgrein

Meistaraneinn skrifar handrit að tímaritsgrein fyrir ritrýnt tímarit þar sem hann gerir grein fyrir rannsókn sinni. Markmið ritunar handritsins er að meistaraneinn öðlist þjálfun í að skrifa tímaritsgrein fyrir ritrýnt tímarit. Tímaritsgreinina má skrifa á íslensku eða ensku eftir því hvaða tímarit er haft í huga. Skal að öllu leyti farið eftir þeim leiðbeiningum sem gilda fyrir viðkomandi tímarit. Nemi velur tímarit í samráði við aðal leiðbeinanda. Aðalleiðbeinandi er ætíð meðhöfundur enda tekur hann beinan þátt í rannsókninni og skrifunum í gegnum leiðbeiningar sínar. Ef til birtingar kemur er það samvinnuverkefni aðalleiðbeinanda og meistaraneins. Sérstaklega skal um það semja hvort meðleiðbeinandi og/eða ráðgjafi eru meðhöfundar.

Meistaraneми er fyrsti höfundur nema samið sé um annað. Þegar aðalleiðbeinandi hefur samþykkt handritið skal því skilað til skrifstofustjóra fyrir 21. maí fyrir útskrift í júní, 21. september fyrir útskrift í október og 21. janúar fyrir útskrift í febrúar.

Fyrirlestur til að kynna rannsóknarniðurstöður

Meistaraneмиnn flytur opinn fyrirlestur við HA til að kynna rannsókn sína. Markmið fyrirlestrarins er að þjálfa meistaranemann í að koma rannsóknarniðurstöðum á framfæri í töluðu máli og taka við og svara fyrirspurnum. Fyrir nemendur sem útskrifast í júní fer þessi fyrirlestur fram á ráðstefnu heilbrigðisvísindasviðs við HA í maí. Ef nemandi útskrifast á öðrum tímum, skal fyrirlesturinn vera haldinn í lok mánaðar áður en útskrift fer fram. Umsjónarmaður málstofu sér um skipulag og auglýsingar varðandi þá fyrirlestra en ráðstefnunefnd fyrir fyrirlestra sem haldnir eru á ráðstefnu. Leiðbeinandi er alltaf meðhöfundur á öllum opinberum fyrirlestrum þar sem rannsóknin er kynnt, hvort sem um er að ræða innlendar eða erlendar málstofur eða ráðstefnur. Sérstaklega skal um það semja hvort meðleiðbeinandi og/eða ráðgjafi eru einnig meðhöfundar.

FERLI UMSÓKNAR UM AÐALLEIÐBEINANDA

Sótt um aðalleiðbeinanda

Umsókn um að fá aðalleiðbeinanda í meistaraverkefni skal senda til umsjónarmanns meistaraverkefna (sigrunsig@unak.is). Æskilegt er að meistaraneymi komi með tillögu um leiðbeinanda í samráði við brautarstjóra viðkomandi áherslusviðs. Skrifstofustjóri skal fá afrit af beiðnini (ingibs@unak.is).

Aðalleiðbeinandi samþykktur

Umsjónarmaður meistaraverkefna skoðar tillögu meistaraneymans um aðalleiðbeinanda eða finnur leiðbeinanda ef meistaraneymi er ekki með tillögu. Umsjónarmaður meistaraverkefna leitar samþykkis hjá væntanlegum leiðbeinanda. Deildarformaður framhaldsnámsdeildar sendir tilkynningu um leiðbeinandann til skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs og meistaraneymans í tölvupósti.

Skriflegt samkomulag milli meistaraneyma og leiðbeinanda

Nemandi og aðalleiðbeinandi gera með sér skriflegt samkomulag um verklag og tímaáætlun fyrir vinnu við meistararitgerðina. Leiðbeinandi sendir afrit af samkomulaginu til formanns framhaldsnámdeildar og skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs.

Meðleiðbeinandi

Aðalleiðbeinandi hefur heimild til að velja meðleiðbeinanda, á sviði aðferðar eða efnis, til að styrkja meistaraneftndina. Aðalleiðbeinandi og meðleiðbeinandi semja sín á milli um skiptingu leiðbeiningarstundanna og tilkynna það til skrifstofustjóra.

Ráðgjafi

Ef ráðgjafi er í meistaraverkefninu sér leiðbeinandi um að tilkynna þátttöku hans til skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs sem sér um að færa inn tímafjölda leiðbeiningastunda.

Hlutverk aðalleiðbeinanda

Sem aðalleiðbeinandi leiðbeinir þú meistaraneymanum í öllum þáttum rannsóknarferlisins. Rannsóknin er 30, 40 eða 60 ein. Meistaraneymar eiga að gera hæfilega stóra rannsókn og öðlast með henni mikilsverða reynslu sem rannsakendur. Hlutverk þitt er mjög veigamikil en skipta má rannsóknarvinnunni í nokkra þætti.

Að skipuleggja rannsóknina

Í því felst að gera rannsóknaráætlun sem skila skal til umsjónarkennara meistaraverkefna og skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs og sækja um til siðanefndar. Hlutverk þitt er að aðstoða nemann í því að sækja um til viðkomandi siðanefndar ef slíks leyfis er krafist fyrir rannsóknina eins og hún er áætluð. Gagnvart siðanefnd ert þú ábyrgðarmaður rannsóknarinnar. Samþykkt umsókn til siðanefndar telst fullgild rannsóknaráætlun. Sótt er um til *siðanefndar viðkomandi heilbrigðisstofnunar* eða til *Vísindasiðanefndar* (sjá www.visindasidaneftnd) t.d. ef rannsóknin er gerð á fleiri en einum stað eða ef siðanefnd er ekki til staðar á þeirri heilbrigðisstofnun sem rannsóknin er gerð á.

Að fylgjast með framvindu rannsóknarinnar

Mikilvægt hlutverk þitt er að fylgjast með framvindu rannsóknarinnar. Þegar gerð er tímaáætlun fyrir rannsóknina er gott að ákveða fyrirfram hvenær fundir þínir eru með meistaranemanum t.d.

- Í tengslum við undirbúning rannsóknarinnar og umsókn til siðanefndar
- Þátttaka meistaranemans í vinnumálstofu meistaranema varðandi kynningu á umsókn til siðanefndar
- Fyrir gagnasöfnun
- Eftir að gagnasöfnun er lokið, leiðbeining og aðstoð við gagnagreiningu
- Kynningu nemans á niðurstöðum í vinnumálstofu meistaranema
- Í tengslum við skrif rannsóknarskýrslu og ritun tímaritsgreinar
- Kynningu meistaranemans á niðurstöðum á ráðstefnu heilbrigðisvísindasviðs HA.
- ...og eftir þörfum nemans.

Við leggjum til að meistaraneinn hafi samband við þig mánaðarlega og láti þig vita hvernig gengur. Þetta virkar sem aðhald fyrir meistaraneinn og mikilsverð hvatning til dáða frá þinni hálfu. Haltu til haga öllum gögnum sem tengjast leiðsögn þinni og samskiptum við meistaraneinn. Skráðu einnig hjá þér öll símtöl: dagsetningu, hvað rætt var og lyklatríði í leiðsögn þinni. Gott er að þú og meistaraneinn komið ykkur saman um dagsetningar hvenær meistaraneinn ætlar að skila inn köflum til þín og síðan ritgerðinni í heild sinni. Leggðu til að meistaraneinn sendi þér eitthvað til yfirlestrar annan hvern mánuð. Meistaraneinn þarf umtalsveðan stuðning, við skipulagningu rannsóknarinnar, umsókn til siðanefndar, gagnagreiningu og ritun og frágang meistararitgerðar og tímaritsgreinar. Algengt er að einn ráðgjafi sé í meistaraverefni, annað hvort í tengslum við aðferðina (t.d. tölfraeðiráðgjöf) eða efnið sjálft. Ef þörf er á tölfraeðiráðgjöf er gott að hún komi strax í upphafi þegar rannsóknin er skipulögð.

Þegar rannsókn er lokið

Vinna þín með meistaranemanum í þessum þætti er m.a.:

Að lesa drög að meistararitgerð yfir. Til að allir meistaranemar sitji við sama borð leggjum við til að þú lesir hvern kafla aðeins einu sinni og síðan verkið í heild einu sinni. Með þessu móti eru allir kaflar í reynd lesnir *tvisvar*. Undantekningu má gera með niðurstöðukaflann og lesa hann í allt *þrisvar* sinnum. Hvettu meistaranemann til að hafa kaflana fullbúna áður en þeim er skilað inn. Inn í þessum yfirllestri felst ekki samráð við þig um efnisyfirlit yfir kaflana en um þá má lesa í tillögu að efnisinnihaldi meistararitgerðar.

Að lesa yfir tímaritsgreinina. Öllum meistaranemum er skylt að skrifa drög að tímaritsgrein upp úr rannsókn sinni. Aðalleiðbeinandi er ætíð meðhöfundur enda tekur hann virkan þátt í rannsókninni með leiðsögn sinni og enn virkari þátt í að fullbúa tímaritsgreinina fyrir ákveðið tímarit. Ef meðleiðbeinandi og/eða ráðgjafi í rannsókninni er meðhöfundur að tímaritsgreininni er um það samið strax í upphafi.

Að meta meistararitgerðina. Eitt af hlutverkum aðalleiðbeinanda er að meta meistararitgerðina.

Eftirfarandi er mjög hjálplegt fyrir samstarfið

Láttu meistaranemann vita ef þú ert í burtu í einhvern tíma að ráði (t.d. erlendis), hvernig þér finnst best að haga samskiptum ykkar (með netsamskiptum, símasamskiptum, Skype, Zoom eða fundum) og hvernig þú vilt fá það sem meistaraneminn sendir þér (útprentað eða á netinu). Kynntu þér námsaðstæður meistaranemans og fylgdu því eftir ef neminn segir þér frá erfiðleikum í tengslum við námið/meistaraverkefnið. Reyndu að gefa ætíð styrkjandi ans, vera hvetjandi og eflandi í samskiptum þínum við nemann, sérstaklega ef þér finnst ástæða til að gera athugasemdir við hugmyndir meistaranemans eða nálgun hans. Gott er að þið komið ykkur saman um hvenær meistaraneminn ætlar að hafa samband við þig til að segja þér frá framgangi rannsóknarinnar.

Meðfylgjandi: 1. *Handbók* framhaldsnámsdeildar heilbrigðisvísindasviðs HA.

INNIHALDSLÝSING MEISTARARITGERÐA

Ef þessar leiðbeiningar og sniðmát stangast á þá skal sniðmát ætíð ráða. Í upphafi meistararitgerðar skal gera skýra grein fyrir viðfangsefninu, rannsóknarspurningu(um) og rannsóknaraðferðum. Niðurstöður skal setja skýrt og aðgengilega fram og fjalla um þær í fræðilegu samhengi. Almenn krafa til meistararitgerða er að þar sé fylgt viðurkenndum vísindalegum rannsóknaraðferðum og fagmannlegum frágangi og að þær séu sjálfstætt framlag til þekkingarþróunar á fræðasviði sínu. Í hverri meistararitgerð skal vera útdráttur á íslensku og ensku. Koma skal skýrt fram að verkefnið er unnið við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri og geta skal aðalleiðbeinanda sérstaklega og síðan meðleiðbeinanda og/eða ráðgjafa.

Kápa Sjá sniðmát

Heiti ritgerðar á íslensku og ensku

Titillinn skal vera *lýsandi fyrir aðferðina, efnið og þátttakendur*. Oft er miðað við að titillinn sé innan við 18 orð og skal skila til skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs.

Útdráttur og lykilorð á íslensku og ensku

Útdráttur skal vera 250-300 orð, ásamt 10 lykilorðum, þar af a.m.k. tvö á sviði aðferðarfræði og skal skila til skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs

Útdrátturinn á að vera stutt samantekt úr öllum helstu köflum rannsóknarverkefnisins: a) Bakgrunnur rannsóknarinnar (örstutt).

- b) Tilgangur rannsóknarinnar.
- c) Aðferðafræðinni lýst í örstuttu máli.
- d) Helstu niðurstöður.
- e) Helstu ályktanir sem dregnar eru af niðurstöðum.

Útdrátturinn er skrifaður í *þátíð*, þar sem hann vísar til vinnu sem þegar hefur verið unnin.

Efnisyfirlit

Hafið öll kafla- og undirkaflaheiti með í efnisyfirlitinu.

Yfirlit yfir myndir og töflur

Þakkarorð

Til þeirra sem gerðu rannsóknina mögulega, þar með talið þeir sjóðir sem styrkt hafa verkefnið.

Kafla 1. Inngangur og fræðilegur bakgrunnur

Inngangurinn á að gefa lesandanum glögga mynd af forsendunum rannsóknarinnar og ástæðunum fyrir því að rannsóknin er gerð. Inngangur er yfirleitt að mestu skrifaður í *nú tíð*, vegna þess að verið er að vísa til rannsóknarviðfangsefnisins og stöðu þekkingar í upphafi rannsóknarvinnunnar. Inngangur þarf að fela í sér góðan útdrátt úr heimildaleit með allra nýjustu rannsóknum á sviðinu. Hvað hefur verið rannsakað um efnið og hvað kom út úr því? Ef um rannsókn er að ræða þarf að koma fram í örstuttu máli hvers konar rannsókn það var, fyrst þegar hún er nefnd, ásamt tegund rannsókna, fjölda þátttakenda og helstu niðurstöðum. Mikilvægt er að í inngangi séu *skilgreiningar á meginhugtökum* þ.e. aðalhugtökum sem koma fyrir í tilgangi

rannsóknar. Einnig þarf að koma fram í inngangi hver er tilgangur rannsóknar - yfirleitt ein málsgrein. Þá þarf einnig að koma fram rannsóknarspurning - yfirleitt ein málsgrein í eigindlegum rannsóknum eða rannsóknarspurning(ar) eins og oft er í megindlegum rannsóknum. Gott er að enda inngang á rannsóknarspurningu(um) í eigindlegum rannsóknum.

Kafla 2. Aðferðafræði

Þessi kafla er að mestu skrifaður í *þátíð*, þar sem verið er að lýsa aðferðinni sem notuð var í rannsókninni. Aðferðafræðinni verður að lýsa það vel að hægt sé að endurtaka rannsóknina. Í eigindlegum rannsóknum er gott að hefja þennan kafla á því að skrifa: Til að svara rannsóknarspurningunni var valin ...og svo lýsa því hvaða aðferð var valin. Í þessum kafla þarf a.m.k. að fjalla um eftirfarandi atriði:

Rannsóknaraðferð	
<i>Megindleg</i>	<i>Eigindleg</i>
Rannsóknarsnið	Aðferðafræðin sem notuð var og hugmyndafræðilegur bakgrunnur hennar
Val á þátttakendum (úrtak)	Val á þátttakendum (úrtak). Skilyrði fyrir vali í úrtak og lýsing á þátttakendum.
Matsaðferðir/breytur (m.a. upplýsingar um próffræðilega eiginleika staðlaðra matsaðferða)	Gagnasöfnunaraðferðir (t.d. viðtöl eða vettvangsathugun). Aðferðinni lýst, kostum hennar og takmörkunum.
Íhlutun (þar sem við á)	Íhlutun (þar sem við á)
Framkvæmd (við gagnaöflun og íhlutun)	Gagnasöfnun, hvernig staðið var að henni
Úrvinnsla gagna	Gagnagreining
	Réttmæti og áreiðanleiki rannsóknarinnar
Siðfræði	Siðfræði

Geta þarf leyfis siðanefndar sem fengið var og frá hvaða siðanefnd. Setja tilvísunarnúmerið inn í textann.

Kafla 3. Niðurstöður

Setja skal niðurstöður fram á skipulegan og skýran hátt. Þessi kafla er að jafnaði skrifaður í *þátíð*. Í sumum tilvikum getur verið gott að hefja kaflann á því að endurtaka rannsóknarspurninguna(arnar) og segja frá fjölda þátttakenda. Í eigindlegum rannsóknum fer oft vel á því að svara rannsóknarspurningunni í stuttu máli sem þá verður eins konar inngangur, síðan er rannsóknarspurningunni svarað í lengra máli í öllum kaflanum. Ef notaðar eru töflur eða myndir til að setja fram niðurstöður er mikilvægt að textinn við þær sé svo góður að þær geti staðið einar og sér. Engar umræður eiga við í þessum kafla.

Ef um *megindlega rannsókn* er að ræða er gott að setja niðurstöður fram í töflum, línuritum, stöplaritum, sneiðmyndum og öðru slíku *sjónrænu formi*, ekki bara í orðum. Nota lýsandi tölfræði og ályktunartölfræði eftir því sem við á.

Ef um *eigindlega rannsókn* er að ræða eru niðurstöður settar fram eftir þeirri aðferð sem notuð er hverju sinni. Gott er að setja niðurstöður fram bæði í sjónrænu formi og með orðum.

Kafli 4. Umfjöllun um niðurstöður rannsóknarinnar

Í þessum kafla er fjallað um niðurstöðurnar og fyrst sagt frá því sem er markverðast í niðurstöðunum. Þá er sagt frá því hvað í fræðilegum ritum styður niðurstöðurnar og hvað er ekki í samræmi við þær. *Bæði í eigindlegum og megindlegum rannsóknum er það ákvörðun rannsakanda hvernig fjallað er um niðurstöður og hvernig kaflaskiptingin er. Sumir velja að fjalla um niðurstöður undir sömu kaflaheitum og í niðurstöðukaflanum og gefst það oft vel en er oft ekki vel séð í fræðitímaritum. Aðrir velja að fjalla fyrst um það sem er nýtt í rannsóknarniðurstöðunum, það sem ekki hefur komið fram annars staðar, fjalla síðan um það sem er í ósamræmi við rannsóknarniðurstöður annarra og að lokum um það sem er í samræmi við niðurstöður annarra. Þessi aðferð hentar vel fyrir fræðitímarit. Jafnframt er gott að koma með tillögur um framtíðarrannsóknir (á þessu tiltekna sviði). Í þessum kafla bætast gjarnan við nýjar heimildir eftir því sem niðurstöður gefa tilefni til. Þessi kafli er að jafnaði skrifaður bæði í *nútið* (þegar vitnað er í verk annarra, sem er þekking sem er þegar til) og *þátíð* (þegar vitnað er í eigin niðurstöður í rannsókninni). Sjá að öðru leyti leiðbeiningar í *APA handbókinni*.

Kafli 5. Ályktanir og lokaorð

Mikilvægt er að draga skýrar ályktanir af niðurstöðum sem fram hafa komið. Gæta skal þess að halda sig eingöngu við þau rannsóknargögn sem kynnt eru í þessari rannsókn. Þessi kafli er að jafnaði skrifaður í *nútið*.

Tilvísun í heimildir og heimildaskrá

Notið nýjustu útgáfu handbókar APA (*e. Publication manual of the American Psychological Association*) varðandi heimildaskráningakerfið. Til lokafrágangs telst að lesa ritgerðina vandlega yfir og merkja við í texta og heimildarlista um leið og heimildirnar koma fyrir í rannsóknarskýrslunni. Allar heimildir sem vitnað er til í rannsóknarskýrslunni eiga að vera í heimildaskrá og allar heimildir í heimildaskrá eiga að koma fyrir í rannsóknarskýrslunni.

Fylgiskjöl

Númera þarf öll fylgiskjöl og setja á þau yfirskrift. Í efnisyfirliti komi fram öll fylgiskjöl með ákveðnu heiti. Dæmi um fylgiskjöl: Endanlegt samþykki frá siðanefnd eða bréf frá siðanefnd um að rannsóknin sé ekki leyfisskyld, kynningarbréf til þátttakenda, samþykkisyfirlýsing þátttakenda og viðtalsrammi ef við á.

Meistaránemar fara eftir þeirri handbók sem er í gildi skólaárið sem þeir hefja vinnu við meistararitgerð nema samkomulagi náist á milli leiðbeinanda og meistaránema um annað.

MATSGRUNDVÖLLUR MEISTARARITGERÐA

NÁMSÞÁTTUR	MATSGRUNDVÖLLUR
Veita bakgrunnsupplýsingar	Bakgrunnur viðfangsefnisins er vel kynntur og gefur glögga mynd af forsendum verkefnisins. Inngangur er góður og öllum helstu þáttum gjörð góð skil.
Framkvæma lesefnisleit og gera samantekt	Gott yfirlit yfir það sem vitað er um þetta svið. Gott yfirlit yfir það sem <i>ekki</i> er vitað um þetta svið. Rannsóknir eru kynntar aðferðafræðilega fyrst þegar þær eru nefndar.
Setja fram rannsóknarspurningu(ar)	Rannsóknarspurningin(ar) eru skýrt fram settar, verðugar, raunhæfar.
Fjalla um rannsóknaraðferðina, gagnasöfnunaraðferðina, siðfræðileg álitamál ásamt réttmæti og áreiðanleika	Nemi sýnir skilning á forsendum rannsóknar- aðferðarinnar og rannsóknaraðferðinni, styrkleikum hennar og takmörkunum. Nemi skýrir nægilega vel frá aðferðafræðinni. Nemi sýnir skilning á gagnasöfnunaraðferðinni og sýnir skilning á siðfræðilegum þáttum rannsóknarinnar og hefur lagt sitt að mörkum til að vernda viðmælendur. Nemi fjallar um réttmæti og áreiðanleika og skýrir hvernig hann stóð að því að auka réttmæti og áreiðanleik í eigin rannsókn.
Setja fram niðurstöður	Niðurstöður eru skýrt fram settar og í samræmi við aðferðafræðina.
Fjalla um niðurstöður	Nemi endurtekur ekki niðurstöður heldur <i>fjallar um þær</i> niðurstöður sem þegar hafa verið kynntar. Skýrt kemur fram það sem er athyglisverðast í niðurstöðunum, hvað er nýtt, hvað er í mótsögn við það sem aðrir hafa haldið fram og hvað er í samræmi við það sem aðrir hafa kynnt.
Setja fram tillögur að framtíðarrannsóknum	Tillögurnar eru raunhæfar og eðlilegt framhald af þessari rannsókn.
Heildaráhrif af rannsóknarskýrslunni	Hér er metinn frágangur, fræðileg framsetning, greinandi, gagnrýnin og skapandi hugsun, meðhöndlun heimilda, heimildarlisti, uppsetning, málfar og stafsetning.

GÁTLISTI

Inngangur

Er inngangur nægjanlega þéttur og nægjanlega studdur af rannsóknum? Er nemi með allra nýjustu heimildir? Er inngangur fullnægjandi? Koma tilgangur rannsóknarinnar og rannsóknarspurning(ar) í rökréttu framhaldi af inngangi? Er tilgangur rannsóknar og rannsóknarspurning(ar) verðug/ar, raunhæf/ar og skýrt fram sett/ar?

Aðferðafræðin

Kemur fram *skilningur* á forsendum rannsóknaraðferðarinnar og skilningur á rannsóknaraðferðinni sjálfri, styrkleikum hennar og takmörkunum? Er nokkuð meginlegt orðfæri í eigindlegri rannsókn eða öfugt? Er rannsóknaraðferðin í *samræmi* við rannsóknarspurninguna(ar)? Er *lýsingin á aðferðafræðinni* fullnægjandi? Kemur fram skilningur á *gagnasöfnunaraðferðinni*? Er gagnasöfnunin fullnægjandi? (t.d. settun í eigindlegri rannsókn?). Er gagnasöfnuninni nægjanlega vel lýst? Er *gagnagreiningin* fullnægjandi og nægjanlega vel lýst? Er fjallað um *réttmæti og áreiðanleika* rannsóknarverkefnisins (eigindlegt) eða mælitækjanna (meginlegt). Kemur fram skilningur á *siðfræðilegum þáttum* í tengslum við rannsóknarverkefnið? Kemur fram hvað nemi gerði til að vernda þátttakendur siðfræðilega?

Niðurstöður

Eru meginniðurstöður rannsóknarinnar skýrt fram settar og í samræmi við rannsóknaraðferðina og tilgang rannsóknarinnar? Er rannsóknarspurningu svarað?

Umfjöllun um niðurstöður

Kemur skýrt fram í umfjöllun um niðurstöður hvað er athyglisverðast í niðurstöðunum, hvað er nýtt og hvað er í mótsögn við það sem aðrir hafa skrifað? Eru dregnar *skýrar ályktanir* af niðurstöðum og eru ályktanir hæfilega varkárar? Er rætt um *notagildi* rannsóknarinnar?

Heimildaskráning

Er heimildaskráning í lagi og heimildalisti nákvæmur?

Framsetning og frágangur

Er *framsetning og frágangur* í lagi? Koma allar upplýsingar fram á forsiðu? Er gott efnisyfirlit? Ritvillur hverfandi?

Heildarmat á verkefninu

Er ritgerðin röklega uppbyggð og gott samhengi milli allra þátta ritgerðarinnar?

LÝSING Á FULLNÆGJANDI MEISTARARITGERÐ

Ekki er gefið í einkunn fyrir meistararitgerð heldur aðeins staðið/fallið. Eftirfarandi er lýsing á fullnægjandi ritgerð.

Inngangur – bakgrunnur og tenging við fræðilegt efni

Nemandi hefur framkvæmt vel ígrundaða lesefnisleit og skrifað góðan inngang. Bakgrunnur viðfangsefnisins er vel kynntur og gefur lesandanum glögga mynd af forsendum meistaraverkefnisins. Öllum helstu þáttum eru gjörð góð skil. Inngangurinn byggir á rannsóknum á viðkomandi fræðasviði og þegar fyrst er vitnað í rannsókn koma að jafnaði fram helstu aðferðafræðilegu þættirnir í rannsókninni sem skipta máli. Inngangurinn veitir gott yfirlit yfir það sem vitað er um þetta svið og það sem ekki er vitað um þetta svið.

Rannsóknarspurning(ar)

Nemandi setur fram skýra rannsóknarspurningu(ar) sem er eins og rauður þráður í gegnum allt meistaraverkefnið. Rannsóknarspurningin(ar) er(u) bæði verðug(ar) og raunhæf(ar).

Aðferðafræðin

Nemandi skýrir nægilega vel frá aðferðafræðinni. Hann sýnir skilning á rannsóknar-aðferðinni sjálfri, styrkleikum hennar og takmörkunum og sýnir skilning á forsendum rannsóknaraðferðarinnar. Hann sýnir skilning á gagnasöfnunaraðferðinni, bæði takmörkunum hennar og styrkleikum og gagnasöfnuninni sjálfri er lýst á fullnægjandi hátt. Nemandi sýnir skilning á gagnagreiningaraðferðinni, bæði takmörkunum hennar og styrkleikum og gagnagreiningunni sjálfri er lýst á fullnægjandi hátt. Hann sýnir skilning á siðfræðilegum þáttum meistararannsóknarinnar og hefur lagt sitt að mörkum til að vernda þátttakendur í rannsókninni. Nemandi fjallar um réttmæti og áreiðanleika í tengslum við rannsóknarverkefnið.

Niðurstöður

Nemandi setur niðurstöður skýrt fram og í góðu samræmi við rannsóknaraðferðina sem notuð er.

Umfjöllun um niðurstöður

Nemi fjallar um niðurstöður á fullnægjandi hátt og endurtekur ekki niðurstöður heldur fjallar um þær niðurstöður sem þegar hafa verið kynntar. Skýrt kemur fram það sem er athyglisverðast í niðurstöðunum, hvað er nýtt, hvað er í mótsögn við það sem aðrir hafa sett fram og hvað er í samræmi við það sem aðrir hafa skrifað.

Ályktanir

Ályktanir af niðurstöðum eru vel ígrundaðar og skýrt fram settar.

Uppbygging verkefnisins

Verkefnið byrjar með skýrum inngangi og endar með vel ígrunduðum lokaorðum. Það er gott jafnvægi í

ritgerðinni sem sýnir að nemandinn hefur góða greiningarhæfileika og getur nýtt sér þá til að meta hvað á að fjalla um, í hversu mikilli dýpt og í hversu mikilli breidd, hversu mörg umfjöllunarefni á að taka fyrir í hverju tilviki og hversu mikið á að fjalla um hvert þeirra. Það er gott flæði í ritgerðinni og málsgreinaskipan er góð. Tenging milli efnispátta og kafla er góð í verkefninu og öll umræða er málefnaleg, skýr og endar í eigin ályktun. Sjálfstæð, ábyrg afstaða er tekin til efnisins í gegnum allt verkefnið. Gagnrýni er varkár og vel undirbyggð. Framsetningin á verkefninu er fræðileg, greinandi og gagnrýnin. Meðhöndlun heimilda er fagmannleg og heimildaskráningin (skv. APA) er góð. Heimildalisti er fagmannlega gerður og frágangur góður. Málfar og stafsetning með ágætum. Allar fyrirsagnir eru vel hugsaðar og verkefnið í heild sinni er nemanum til sóma.

Heildarniðurstaða prófdómara

Nafn meistaránema _____

Heiti meistararitgerðar _____

Góð ritgerð og fagmannleg. Staðið _____

Staður og dagsetning: _____

Nafn prófdómara: _____

Eða Ekki fullnægjandi meistararitgerðið. **Ekki staðið.** ____ (sjá meðfylgjandi rök)

Rökstuðningur prófdómara fyrir ákvörðun sinni ef mat hans er að ritgerðin sé ekki fullnægjandi **er skilað á sér blaði þar sem prófdómari rökstyður niðurstöðu sína.**

Staður og dagsetning: _____

Nafn prófdómara: _____

VINNUMÁLSTOFUR MEISTARANEMA

Málstofurnar eru hluti af meistaraverkefnisáfanganum en eru yfirleitt haldnar í tengslum við staðloturnar í meistaranáminu. Tilgangur þeirra er að meistaranemar fái tækifæri til að kynna meistaraverkefni sín í vinnuferlinu og fái uppbyggilega gagnrýni og ábendingar. Meistaraneiminn skal vera frummælandi tvisvar og andmælandi tvisvar í málstofum meistaranema í tengslum við meistaraverkefni sitt. Í fyrria skiptið til að kynna rannsóknaráætlun sína og áður en sótt er um til siðanefndar og í hinu síðara þegar unnið er við úrvinnslu og túlkun niðurstaðna. Auk meistaranema taka kennarar og akademískir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs HA þátt í málstofunum. Umsjónarmaður málstofa tilnefnir einn andmælanda fyrir hverja kynningu, úr hópi meistaranema.

Kynning á verkefni

Kynning á meistaraverkefninu fer eftir því á hvaða stigi það er og skal *neminn hafa samráð við leiðbeinanda sinn* um hvernig staðið verður að kynningunni. Meistaraneimi skal senda útdrátt og glærur til aðalleiðbeinanda fyrir kynningu. Meistaraneiminn skal nota helming þess tíma sem honum er úthlutað í samræður við andmælendur og til að svara fyrirspurnum annarra samnemenda og kennara. Þar sem tíminn er knappur er mikilvægt að hafa kynninguna og umræðuna hnitmiðaða. Umsjónarkennari meistaraverkefna stýrir umræðum. Kynningarnar eru góð æfing fyrir lokakynningu á endanlegri útgáfu verkefnisins.

Undirbúningur

Meistaraneiminn útbýr ágríp (1 bls.) sem lýsir verkefninu í heild sinni, framvindu þess og stöðu á þeim tímapunkti sem kynning fer fram. Gott er að hafa til viðmiðunar ágríp í vísindagreinum og oft hjálplegt að nota millifyrirsagnir, t.d. *Bakgrunnur*, *Markmið*, *Aðferð*, *Niðurstöður* og *Ályktanir*, einkum þegar niðurstöður eru kynntar. Þegar rannsóknaráætlun er kynnt er hvorki um niðurstöður né ályktanir að ræða og því meira rými fyrir bakgrunnsupplýsingar, aðferð, tímaáætlun og þ.h. sem tengist áætluninni. Ágripið skal senda umsjónarkennara málstofunnar í tölvupósti með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Umsjónarkennari vistar ágripið á Moodle meistaraverkefnisáfangans til þess að aðrir nemendur og kennarar geti kynnt sér efnið fyrirfram og undirbúið spurningar, athugasemdir og ábendingar. Meistaraneiminn sendir andmælanda sínum jafnframt kynningu á verkefninu í tíma (sjá hér fyrir neðan).

Hlutverk andmælanda

Andmælandi fær senda kynningu á verkefni annars nemanda (glærur með glósum) minnst fjórum dögum áður en málstofan er haldin. Andmælandi gaumgæfir efnið vandlega og skráir hjá sér gagnrýnar spurningar og athugasemdir sem hann beinir til framsögumanns eftir kynninguna. Andmælandi skal gera ráð fyrir að samræður hans og framsögumanns taki að hámarki 10 mínútur. Spurningunum/athugasemdunum er skilað (á pappír eða á tölvutæku formi) til höfundar verkefnisins að málstofunni lokinni.

REGLUR UM MAT Á FYRRA NÁMI

Matsnefnd

Matsnefnd framhaldsnáms gerir tillögur um mat á fyrra námi til deildaráðs heilbrigðisvísindasviðs. Hún er skipuð þremur fulltrúum kennara sem valdir eru af deildarfundum til tveggja ára í senn og einum fulltrúa nemenda deildarinnar. Matsnefnd byggir á viðmiðum um [mat á fyrra námi](#). Nám sem nemandi hefur lokið og óskar eftir að fá metið þarf alltaf að fara fyrir matsnefnd framhaldsnámsdeildar. Ráðlegt er að umsóknir berist til matsnefndar með góðum fyrirvara.

Upplýsingar um fylgiskjöl með umsókn eru á vefsíðu heilbrigðisvísindasviðs.

Mat á fyrra námi

Mat á námi af bakkalárstigi inn í framhaldsnámið. Heimilt er að meta allt að 30 einingar úr 240 eininga bakkalárnámi við HA, eða sambærilegu námi við aðra háskóla. Við slíkt mat skal byggt á matsreglum framhaldsnámsdeildar. Ekki er heimilt að meta nám sem er eldra en 10 ára.

Mat á námi af framhaldsnámstigi inn í framhaldsnámið. Nemendur sem hafa lokið kándíðatsprófi í ljósmóðurfraði frá Háskóla Íslands fá metnar 40 einingar úr kándíðatsnáminu auk 30 eininga úr 240 eininga bakkalárnámi við HA eða sambærilegu námi við aðra háskóla. Þeir þurfa því að ljúka 50 einingum til viðbótar til fá meistaragráðu, 20 einingum í skyldunámskeiðum og 30 eininga meistaraverkefni. Mat á öðru námi eða námskeiðum er sérstaklega metið af matsnefnd. Ekki er heimilt að meta nám sem er eldra en 10 ára.

Mat á námskeiði sem lokið er

- Nemandi undirbýr umsókn um mat á fyrra námi í samráði við skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs.
- Að öllu jöfnu er hægt að fá námskeið sem samsvara allt að 30 ECTS einingum, frá öðrum námsstofnunum, metin til framhaldsnáms í heilbrigðisvísindum við HA.
- Einungis eru metin fræðileg námskeið sem eru á meistarastigi nema annað sé tiltekið í reglum deildarinnar.
- Ekki er hægt að fá metin námskeið sem eru eldri en 5 ára. Dagsetning miðast við innritunardag nemanda í framhaldsnám í HA. Matsnefnd er þó heimilt að meta námskeið sem nemandi hefur lokið á s.l. 10 árum geti hann sýnt fram á að hann hafi viðhaldið þekkingu sinni á viðkomandi sviði, t.d. í tengslum við starf. Jafnframt má meta námskeið ef ljóst er að þekking hefur lítið breyst frá því að nemandinn lauk því.
- Til þess að unnt sé að meta fyrra nám þarf að leggja fyrir skrifleg beiðni nemans um slíkt mat ásamt viðeigandi gögnum, nafni umsækjanda, kennitölu, heimilisfangi, síma og netfangi.
- Ef óskað er eftir því að fá eitt eða fleiri námskeið metin skal koma skýrt fram hvaða námskeið það eru og taka fram hvaða námskeið framhaldsnáms í heilbrigðis-vísindum við HA samsvari þeim að fullu eða að hluta til. Um getur verið að ræða skyldunámskeið og/eða valnámskeið sem kennd eru í framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum í HA.
- Nemandi skal að öllu jöfnu hafa lokið þeim námskeiðum sem óskað er eftir að fá metin með að lágmarki fyrstu einkunn (7,25). Í undantekningar tilvikum má víkja frá lið 2. og 6. og meta fleiri námskeið, sem lokið hefur verið við aðra námsstofnun, til framhaldsnáms við heilbrigðisvísindasvið HA. Þetta á fyrst og fremst við um námskeið sem ekki eru í boði við HA. Ef vikið er frá 2. og 6. lið þá skal fylgja með umsókn greinargóð lýsing (u.þ.b. 300 orð) á því hvernig þau námskeið sem óskað er eftir að verði metin nýtist nemanda við gerð

meistaraverkefni. Greinargerðin skal vera undirrituð af nemanda.

Ferli umsókna

- Umsóknir ásamt fylgiskjöllum skal senda til: Skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs, Háskólanum á Akureyri, Sólborg, v. Norðurslóð, 600 Akureyri.
- Skrifstofustjóri heilbrigðisvísindasviðs sendir umsókn og fylgiskjöl til matsnefndar.
- Matsnefnd tekur að jafnaði fyrir umsókn 2 - 3 vikum eftir að hún berst nefndinni.
- Tillaga um afgreiðslu umsóknar fer fyrir deildaráðsfund heilbrigðisvísindasviðs sem afgreiðir tillöguna endanlega.
- Deildaráðsfundur afgreiðir umsókn endanlega.
- Skrifstofustjóri heilbrigðisvísindasviðs sendir niðurstöðu mats til umsækjanda og afrit til matsnefndar. Skrifstofustjóri sér um að öll matsgögn fari í möppu nemenda í skjalageymslunni og vistaðar.

Reglur um mat á námi við framhaldsdeild heilbrigðisvísindasviðs byggja á Reglum fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 387/2009, Reglum um stjórnskipulag heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 812/2013 og Reglum um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 885/2009.